

Minnisblað

Efni: *Breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).*

Alþingi samþykkti 11. júní 2011 breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Helstu breytingar sem gerðar voru eru eftirfarandi:

1. Frístundaveiðar

Ráðherra hefur til ráðstöfunar aflaheimildir allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári til frístundaveiða.

1.gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

2. Strandveiðar og aukning afla til strandveiða

Reglur um veiðítímabil strandveiða eru rýmkaðar og fara nú að mati ráðherra.

Eigandi fiskiskips með strandveiðileyfi verður að vera lögskráður á skipið.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði IX hefur ráðherra á þessu fiskveiðiári, 2010/2011, til ráðstöfunar allt að 1.900 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem áður hefur verið ákveðið til strandveiða.

Ráðherra hefur til ráðstöfunar allt að 2.000 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða á næsta fiskveiðiári, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a. laga nr. 116/2006. Þessa aflaheimild skal draga frá leyfðum heildarafla, áður en til skiptingar og frádráttar kemur skv. 3. mgr. 8. gr.

Þessi ákvæði verða aðeins virk fari leyfður hámarksafli þorsks yfir 160.000 lestir og leyfður hámarksafli ufsa yfir 50.000 lestir.

2.gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál) og bráðabirgðaákvæði IX, b. lið, 8. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

3. Tekið af öllum fisktegundum í potta og bætur

Með 3. gr. laganna er innleidd sú nýja regla að tekin verða allt að 5,3% af leyfilegum heildarafla hverrar tegundar til ráðstöfunar í byggðakvóta, línuívilnun, strandveiðar og bætur vegna aflabrests.

Tekið verður sama hlutfall af öllum tegundum. Þar sem aflaheimildum vegna byggðakvóta, línuívilnunar, strandveiða og bóta vegna aflabrests er úthlutað í þorski, ýsu, ufsa og steinbít en ekki öðrum tegundum er miðað við að aflaheimildum í öðrum tegundum en þessum fjórum verði skipt í þær.

Útgerðir geta valið um það að í stað þess að teknar verði af þeim aflaheimildir í öðrum tegundum en þorski, ýsu, ufsa og steinbít, láti þær sama magn í þessum fjórum tegundum í þorskígildum talið.

Við ákvörðun hlutfallsins fyrir hvert fiskveiðiár skal ráðherra leitast við að það mæti því aflamagni sem ráðstafað er í byggðakvóta, línuívilnun, strandveiðar og bóta vegna aflabrests, þó þannig hlutfallið sé að hámarki 5,3%.

Þetta ákvæði tekur gildi í áföngum og fiskveiðiárið 2011/2012 gildir það að ¼ skv. bráðabirgðaákvæði X.

Þannig verða ¾ hlutar þess aflamagns sem ráðstafað verður til byggðakvóta, línuívilnunar, strandveiða og vegna aflabrests dregnir frá leyfilegum heildarafla í þorski, ýsu, ufsa og steinbít áður en aflamarki er skipt samkvæmt aflahlutdeild.

Til viðbótar framangreindu verða á næsta fiskveiðiári tekin 4.800 tonn af þorski vegna aukningar í strandveiðar (2.000 tonn) og byggðakvóta (2.500 tonnn) og vegna frístundaveiða (300 tonn) áður en til skiptingar kemur samkvæmt aflahlutdeild. Einnig er heimildarákvæði um frekari frádrátt í ufsa (1.100 tonn) sem kemur ekki til framkvæmda nema leyfilegur heildarafla verði meiri en 50.000 tonn. Þá eru ákvæði um að aukning þorsks til strandveiða og byggðakvóta sé háð því að leyfilegur heildarafla verði meiri en 160.000 tonn.

3.gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál) og bráðabirgðaákvæði X, c. lið, 8. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

4. Tegundatilfærsla og VS-afla

Tegundatilfærsla í hverri botnfisktegund er lækkuð úr 2% í 1,5% og heimild til tilfærslu úr hverri botnfisktegund verður lækkuð í 30% af aflamarki í viðkomandi tegund.

Ráðherra er veitt heimild til að binda ráðstöfunarrétt til VS-afla við ákveðin tímabil.

4.gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

5. Veiðigjald

Veiðigjaldið hækkar úr 9,5% í 13,3% af reiknaðri framlegð útgerða.

Tekjur af veiðigjaldi skulu renna í ríkissjóð, en heimilt verður að ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla á þeirri ráðstöfun skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.

5.gr. og 6. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

6. Krókaafhlutdeild

Bráðabirgðaákvæði V í lögum 116/2006 varðandi undanþágu frá ákvæðum um hámarkseign krókaaflamarks er framlengt til 1. september 2012.

7.gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

7. Sérstök úthlutun ráðherra í síld, norsk-íslenskri síld og skötusel

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII hefur ráðherra á fiskveiðiarunum 2010/2011 og 2011/2012 til ráðstöfunar 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld) og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld, sem dregst frá heildarúthlutun.

Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.200 lestir af skötusel, sem dregst frá heildarúthlutun.

Verði þessar lagaheimildir nýttar er gert ráð fyrir að aflaheimildirnar verði seldar.

Bráðabirgðaákvæði VIII, a. lið, 8. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)

8. Byggðakvótaaukning

Á fiskveiðiarinu 2011/2012 skal allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað í byggðakvóta skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Bráðabirgðaákvæði IX, b. lið, 8. gr. laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (þskj. 1804-826. mál)